

Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Skagafirði 2020.

1. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Skagafirði skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 128-1 skv. samningum Öldunnar/Kjalar frá 1. janúar 2019 með 8% persónuálagi, 13,04 % orlofi og 25% launatengdum gjöldum, **samtals 3.144 kr.**

2.gr

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en óskertan ellilífeyri/örorkulífeyri frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka, þ.e. **321.678 kr.** (67+ einstaklingur með heimilisuppbót, framfærsluviðmið). Sama viðmiðunarupphæð gildir fyrir 66 ára og yngri ef heildargreiðslur frá TR eru hærri en 321.678 kr.
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **482.517 kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs. Sjá 4. gr.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.
7. Lífeyrisþegar greiða aldrei herra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun ríkisins.
8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.
9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

3. gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu algeng niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

4. gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngri og skal draga upphæð barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins (1.1.2020) **35.565 kr.** uppfært frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

Tekjumörk og gjaldflokkar:

Gjaldskrá heimaþjónustu 2020					
		Tekjur undir: gjaldfrí	Tekjur undir: greiðir 1/3 gjald	Tekjur undir: greiði 1/2 gjald	Tekjur yfir: greiði fullt gjald
Fjölsk. gerð	Einstaklingur	321.678 kr.	482.517 kr.	562.937 kr.	562.937 kr.
	Hjón/samb, fólk	482.517 kr.	723.776 kr.	844.405 kr.	844.405 kr.
Gjald	Einstaklingur	0 kr.	1.048 kr.	1.572 kr.	3.144 kr.
	Hjón/samb, fólk	0 kr.	1.048 kr.	1.572 kr.	3.144 kr.
	tekjur á ári - einst	3.860.136 kr.	5.790.204 kr.	6.755.238 kr.	6.755.238 kr.
	tekjur á ári hjón	5.790.204 kr.	8.685.306 kr.	10.132.857 kr.	10.132.857 kr.